



## Fundargerð

1321. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn í Merkinesi, Hljómahöll  
27. maí 2021, kl. 08:00

### Viðstaddir:

Friðjón Einarsson formaður, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Jóhann Friðrik Friðriksson, Margrét Sanders, Margrét Þórarinsdóttir áheyrnarfulltrúi, Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Aðgengismál fatlaðs fólks (2021050175)

Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfissviðs og Tryggvi Þór Bragason deildarstjóri eignaumsýslu mættu á fundinn. Lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir sem farið hefur verið í frá 2013 og samantekt frá árinu 2013 um úttektir á mannvirkjum í umsjá Reykjaneshæjar.

Margrét Þórarinsdóttir (M) þakkaði góða yfirferð á málinu.

### 2. Markaðsmál (2021020545)

Málinu frestað.

### 3. Plastlaus september 2021 – beiðni um styrk (2021050359)

Ársskýrsla 2020 lögð fram. Ekki er hægt að verða við erindinu um styrk að þessu sinni.

### 4. Ný lóð fyrir heilsugæslustöð (2021050336)

Lögð fram skýrsla frá Framkvæmdasýslu ríkisins um frumathugun vegna nýrrar heilsugæslu í Reykjaneshæ.

Bæjarráð tekur undir eftirfarandi bókun umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. maí 2021 og felur Kjartani Már Kjartanssyni bæjarstjóra að vinna áfram í málinu með hliðsjón af umræðum sem fram fóru á fundinum.

*„Framkvæmdasýsla ríkisins og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja leggja fram frumathugun vegna lóðar fyrir nýja heilsugæslustöð í Innri-Njarðvík. Niðurstaða forathugunar er lóð nr. 9 í skjalinu uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í athugunni betur en aðrar lóðir sem skoðaðar voru.*

*Umhverfis- og skipulagsráð er sammála staðarvali fyrir nýja heilsugæslustöð sem mun þjóna íbúum Innri-Njarðvíkur vel. Ráðið bendir jafnframt á að íbúum Suðurnesja fer ört fjölgandi*



*og miðað við mannfjöldaspár er brýnt að undirbúningur þriðju heilsugæslustöðvar í sveitarfélaginu hefjist strax.“*

#### **5. Umsagnarmál frá nefndasviði Alþingis (2021010117)**

- a. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaeldis, 640. mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1100.html>

- b. Tillaga til þingsályktunar um nýja velferðarstefnu fyrir aldraðra, 720. Mál

<https://www.althingi.is/altext/151/s/1199.html>

Umsagnarmál lögð fram.

#### **6. Fundagerðir neyðarstjórnar (2021010061)**

<https://www.reykjanesbaer.is/is/stjornsysla/stjornsyslan/fundargerdir/neydarstjorn>

#### **7. Aðalfundur Tjarnagötu 12 ehf. 27. maí 2021 (2021050406)**

Pálmar Guðmundsson framkvæmdarstjóri Tjarnargötu 12 ehf. mætti á fundinn og fór yfir starfsemi félagsins.

Samþykktur ársreikningur lagður fram.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:35